

Sæl Lilja

Hér koma okkar athugasemdir varðandi reglur um hesthúsalóðir:

Varðandi grein 3.4.

Stjórn Sörla vill benda á varðandi þessa grein og ákvæði í 6 gr. í fyrirhuguðum leigusamningi, þar sem talað er um taðgáma, að ljóst sé að gert sé ráð fyrir þeim innan byggingarreits. Við veltum fyrir okkur að orðalagið eins og það er núna gefur e.t.v. tilefni til að lóðarhafar telji að heimilt sé að setja taðgám við húsið þar sem hann standi síðan. Stjórn Sörla skilur greinina þannig að átt sé við að umrætt hús, sé hús þar sem teikning hússins gerir ráð fyrir að losun taðs sé í gám en ekki í haughús eða safnstýjur sem losaðar eru nokkrum sinnum um vetur. Athugasemdin lítur að því að skerpa á greininni þannig að taðgámar séu teiknaðir inn sem hluti af skipulaginu og undir þeim sé rétt undirlag og umhverfi þeirra sé vel afmarkað og lokað umhverfinu.

Nokkurt ósamræmi er því í reglunum og þar sem á öðrum stað er ljóst að óheimilt er að hafa lausa gáma við hús án sérstakst leyfis. Við leggjum því áherslu á að ákvæði um taðgáma séu skýrð betur.

Stjórn Sörla er ánægð með margar viðbætur í skilmálunum einkum ákvæði í grein 3.4. "annað" þar sem gert er ráð fyrir að ef lóðarhafi kjósi að vera ekki félagsmaður í Sörla gæti hann þurft að borga aðstöðugjald til Sörla í samræmi við reglur Sörla þar um.

Ákvæði um að losun taðs þurfi að vera lokið fyrir 1. júlí ár hvert í grein 3.4. er eftitt í framkvæmd. Hrossahald er nú farið að vera mikinn hluta úr árinu og keppnisfólk og

atvinnumenn eru með hross á húsi allt árið. Því veltir stjórn fyrir sér hver sé þörfin á þessari kvöð. Ljóst er að hún verður ekki virt af öllum.

Einnig óskum við eftir því að lóðin sem er næst keppnisbrautinni fari ekki í auglýsingu sbr. fund sem stjórn Sörla átti með ykkur í vetur.

Bestu kveðjur,

Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri

Hestamannafélagið Sörli

s. 565 2919 gsm. 897 2919